

Vefstefna 2024

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum



Vefstefna Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (SÁM)

1. Markmið með rekstri ytri vefsvæða SÁM er að:
 - a) Miðla upplýsingum og gögnum til fræðimanna, almennings og annarra haghafa með einföldum og skjótvirkum hætti.
 - b) Bæta sýnileika stofnunarinnar og vekja athygli á starfsemi hennar, gildum og hlutverki í samfélaginu.
 - c) Halda úti öflugum og leitarbærum gagnasöfnum í því augnamiði að gera gögn stofnunarinnar opin og aðgengileg öllum.
 - d) Tryggja að upplýsingum stofnunarinnar sé miðlað á samræmdan og heildstæðan hátt með góða notandaupplifun að leiðarljósi.
 - e) Veita akademískum starfsmönnum nauðsynleg tól til að miðla sínum rannsóknarverkefnum.
2. Markhópar
 - a) Markhópar ytri vefsvæða SÁM eru fræðimenn, háskólanemendur, almenningur, fjölmiðlar, stjórnvöld og atvinnulíf, samstarfsaðilar, almenningur og starfsfólk stofnunarinnar.
3. Útlit og ritstjórn.
 - a) Lögð er áhersla á vandaðan frágang við miðlun á því efni sem birt er á vefsvæðum stofnunarinnar.
 - b) Efni á ytri vefsvæðum SÁM er á vandaðri íslensku.
4. Aðgengi
 - a) Ytri vefir SÁM skulu hafa heildstæða og samræmda umgjörð og útlit með einföldu notendaviðmóti fyrir öll helstu tæki og alla útbreidda vafra. Allt efni er eftir því sem unnt er sniðið með þarfir ólíkra hópa í huga, svo sem blindra, sjónskertra, lesblindra, fólks með hreyfihömlun og annarra hópa fólks með fötlun.
 - b) SÁM hefur þá stefnu að vinna eftir aðgengisstefnu fyrir opinbera vefi sem fylgir staðli alþjóðlegu samtakana W3C ([WCAG 2.0 AA](#)). Markvisst er unnið að því að bæta aðgengi á öllum vefjum stofnunarinnar, ekki síst stórum gagnasöfnum sem uppfylla ekki enn að öllu leyti kröfur um aðgengi.
5. Samfélagsmiðlar
 - a) Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum notar samfélagsmiðla í því skyni að dreifa upplýsingum og efni stofnunarinnar til breiðari hóps og ýta undir bein samskipti milli stofnunar og almennings.
6. Verklagsreglur
 - a) Auk vefstefnu gilda verklagsreglur um vinnu við ytri vefi SÁM. Verklagsreglur er að finna í viðauka. Allir þeir sem vinna efni á vefsvæðum á vegum SÁM skulu kynna sér bæði vefstefnu og verklagsreglur vandlega.

Vefstefna Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (SÁM) er unnin af vefstjóra í samráði við vefnefnd og kynningarstjóra.

Vefnefnd skipa vefstjóri, verkefnisstjóri í upplýsingatækni og prófarkalesari. Ef taka þarf ákvarðanir sem varða kynningarmál í stærra samhengi getur vefnefnd kallað saman kynningarnefnd.

Vefsvæði SÁM eru þeir miðlar sem stofnunin nýtir til að koma efni og upplýsingum á framfæri við bæði fræðimenn og almenning. Vefstefna SÁM nær yfir alla miðlun á ytri vefsvæðum sem rekin eru á vegum stofnunarinnar. Öllum þeim sem vinna efni fyrir vefsvæði SÁM ber að fylgja tilmælum í vefstefnu og verkferlum fyrir vefi stofnunarinnar (sjá nánar um verkferla í viðauka). Við uppbyggingu og þróun einstakra vefsvæða skal ævinlega haft samráð við vefnefnd.

Vefstefnan nær einnig til þess efnis sem birt er á samfélagsmiðlum SÁM.

Vefstefna og verklagsreglur eru endurskoðaðar árlega af vefnefnd og breytingar gerðar ef tilefni er til.

Viðauki 1. Verklagsreglur og ritstjórnarstefna

Verklagsreglur og ritstjórnarstefna fyrir ytri vefi SÁM skulu vera aðgengilegar á innri vef SÁM.

Vefnefnd hefur frumkvæði að endurskoðun verklagsreglna og ritstjórnarstefnu SÁM.

1) Vefritstjórn

- a) Upplýsingar á vefjum SÁM eiga ævinlega að vera réttar, uppfærðar og samræmdar frá einni síðu til annarrar.
- b) Gæta skal þess að viðeigandi málsnið sé notað hverju sinni.
- c) Efni á vefjum SÁM er skrifað á vandaðri íslensku.
- d) Allur texti á vefjum SÁM er yfirlesinn af prófarkalesara stofnunarinnar áður en hann er birtur.

2) Útlit

- a) Útlit vefja SÁM fylgja [hönnunarstaðli SÁM](#) nema ástæða þyki til annars og þá aðeins að höfðu samráði við vefnefnd SÁM.
- b) Merki SÁM skal birtast á öllum vefjum tengdum stofnuninni.
- c) Merki UNESCO skal birtast í síðufæti á heimasíðu SÁM.

3) Myndefni

- a) Myndir og myndbönd hæfa því efni sem er á vefsíðum hverju sinni.
- b) Myndefni skal endurspegla fjölbreytt starf stofnunarinnar.
- c) Myndmiðlun á vefjum og samfélagsmiðlum stofnunarinnar skulu fylgja [hönnunarstaðli SÁM](#). Leitast skal við að nota myndefni sem unnið er af ljósmyndara SÁM nema ástæða þyki til annars.
- d) Ætíð skal geta höfundarréttar mynda.

4) Aðgengi

- a) SÁM vinnur eftir aðgengisstefnu fyrir opinbera vefi. Markvisst er unnið að því að bæta aðgengi á öllum vefjum SÁM í samræmi við meginþætti stefnunnar:
 - i) Allt efni sem er sett fram í öðru formi en texta þarf einnig að vera aðgengilegt sem texti til að notendur geti nýtt sér aðra framsetningu, svo sem stærra letur, punktaletur (e. braille), talmál eða tákn.
 - ii) Margmiðlunarefni sem sett er fram á vefjum þarf einnig að vera hægt að miðla á annan hátt.
 - iii) Búa þarf þannig um efni að mismunandi tæki og tól geti lesið úr því sömu upplýsingar.
 - iv) Notendur þurfa að sjá eða heyra efni og geta aðskilið efni í forgrunni frá bakgrunni.
 - v) Vefsíður þurfa að búa yfir fullri virkni hjá notendum sem nýta sér eingöngu lyklaborð við skoðun vefja.
 - vi) Veita þarf notendum nægan tíma til að lesa og nýta efni.
 - vii) Forðast skal að setja fram efni sem vitað er að geti valdið flogaköstum (t.d. blikkandi myndir).

- viii) Útfæra þarf leiðir til að hjálpa notendum að finna efni og ákvarða hvar þeir eru staddir á vefsvæðum hverju sinni.
- ix) Ganga þarf þannig frá texta að hann sé læsilegur og skiljanlegur.
- x) Vefsíður þurfa að virka með fyrirsjáanlegum hætti.
- xi) Hjálpa þarf notendum að forðast og leiðrétta mistök.
- xii) Ganga þarf úr skugga um að öll tækni vefsíðunnar fylgi stöðlum, tryggja þarf að framtíðartækni og hjálpartæki sem notendur nýta sér til að skoða vefi virki.

5) Samfélagsmiðlar

- a) Vefstefna SÁM nær yfir allt efni sem sett er á samfélagsmiðla stofnunarinnar.
- b) Vefstjóri og kynningarstjóri fara með ritstjórnaraðgang samfélagsmiðla SÁM.
- c) SÁM hvetur til opinna skoðanaskipta á samfélagsmiðlum og heimilar innlegg og athugasemdir frá notendum. Þess skal gætt að notendur gæti almenns velsæmis í málf lutningi. Ummæli, sem beinast t.d. gegn tilteknum einstaklingum, kynþáttum, trúarhópum eða kyni og fara yfir velsæmismörk, skulu fjarlægð og viðkomandi notanda send tilkynning um ástæður þess að færsla var fjarlægð. Jafnframt skal notandinn varaður við því að verði hann uppvís að ítrekuðum brotum verði lokað á aðgang hans að samfélagsmiðlum SÁM.

Viðauki 2. Tæknilegir þættir og ábyrgð

1) Skipulag

- a) Notandi á alltaf að hafa góða yfirsýn og eiga auðvelt með að sjá hvar upplýsingar er að finna á vefsvæðum.
- b) Leitarvél skal vera einföld í notkun og aðgengileg.
- c) Á forsíðu aðalvefs er aðeins sett fréttæfni sem tengist stofnuninni í heild sinni eða efni sem vefstjóri telur að eigi erindi inn á forsíðu.
 - i) Efni frá öðrum aðilum sem tengjast fræðasviðum stofnunarinnar er þó hægt að finna stað á forsíðu ef sérstök ástæða þykir til.
- d) Gerður er ritstjórnarlegur greinarmunur á fréttum og viðburðum.
- e) Starfsfólk og kynningarstjóri senda vefstjóra fréttatexta ásamt myndefni. Vefstjóri skal gæta þess að allt efni sé prófarkalesið áður en það er birt á aðalvef.
- f) Vefstjóri sér um uppsetningu efnis á heimasíðu SÁM, birtir efni á viðeigandi stöðum á aðalvef og deilir á samfélagsmiðlum.
- g) Vefstjóri hefur ákvörðunarvald um efni á heimasíðu stofnunarinnar og hefur rétt til þess að fjarlægja efni af forsíðu eða öðrum síðum á vefnum.

2) Gæði

- a) Vefir skulu ávallt vera aðgengilegir öllum þjóðfélagshópum og efni þeirra birtast óbrenslað í öllum helstu tækjum, stýrikerfum og vöfrum.
- b) Vefkerfi sem liggja að baki vefjum stofnunarinnar skulu samræmast öryggis- og gæðakröfum upplýsingatæknisviðs Háskóla Íslands (sjá nánar undir lið 5).

3) Ábyrgð

- a) Vefstjóri og vefnefnd bera ábyrgð á vefstefnu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og að henni sé framfylgt.
- b) Vefstjóri og verkefnisstjóri í upplýsingatækni hafa einir stjórnandaaðgang að heimasíðu SÁM. Vefstjóri ber ábyrgð á úthlutun aðgangsréttinda annarra starfsmanna.
- c) Vefstjóri getur falið einstökum starfsmönnum umsjón með ákveðnum þáttum aðalvefs.
- d) Vefstjóri getur breytt eða lokað aðgangi notanda á aðalvef, til dæmis ef aðgangur hefur ekki verið notaður lengi, ekki hefur verið fylgt viðmiðum um innsetningu efnis eða misnotkun átt sér stað.
- e) Vefstjóri hefur umsjón með reglulegri athugun á að tenglar á aðalvef séu virkir.
- f) Vefstjóri ber ábyrgð á því að kynna vefstefnu og verklagsreglur.
- g) Verkefnastjóri í upplýsingatækni ber ábyrgð á kerfum og viðmóti fyrir gagnagrunna stofnunarinnar og að sérhannaðir vefir fylgi hönnunarstaðli SÁM.

4) Flokkun ytri vefsvæða SÁM

- a) Aðalvefur SÁM, arnastofnun.is, er upplýsingavefur stofnunarinnar. Hlutverk aðalvefs er að hýsa almennar upplýsingar um hlutverk stofnunarinnar, starfsemi og þjónustu. Vefstjóri hefur yfirumsjón með aðalvef SÁM.

- b) Gagnasöfn SÁM hýsa leitarbær gögn stofnunarinnar og eru öllum opin í gegnum vefsvæði. Ritstjórar bera ábyrgð á vefsvæðum gagnasafna í samstarfi við verkefnisstjóra í upplýsingatækni. Öll ný gagnasöfn á vegum SÁM skal vinna í samráði við verkefnisstjóra í upplýsingatækni.
- c) Vefsíður tímarita SÁM birta ritrýndar greinar. Vefsíðurnar eru í umsjón ritstjóra tímaritanna hverju sinni með stuðningi frá verkefnisstjóra í upplýsingatækni.
- d) Rannsóknavefir og ráðstefnuvefir eru á ábyrgð umsjónarmanns verkefnis/ráðstefnu.
- e) Samstarfsvefir SÁM eru vefir sem settir eru upp í samvinnu við aðrar stofnanir og lúta því ekki vefstjórn SÁM eingöngu. Dæmi um slíka vefi eru ismus.is og handrit.is.
- f) Sýningarvefur SÁM hefur það hlutverk að styðja við sýningu SÁM í Húsi íslenskunnar.

5) Lén og vefkerfi

- a) Lén sem tilheyrja SÁM eru: xxx.arnastofnun.is og arnastofnun.is/xxx.
- b) Vefir stofnunarinnar skulu hýstir á vefþjónum upplýsingatækni við Háskóla Íslands. Undantekningar eru aðalvefur SÁM (arnastofnun.is) og samstarfsvefir sem hýstir eru af samstarfsstofnunum.
- c) Vefslóðir skulu vera eins gagnsæjar og auðið er. Við stofnun nýrra vefja skal ákveða vefslóð í samráði við verkefnisstjóra í upplýsingatækni.
- d) Vefumsjónarkerfi SÁM eru eftirfarandi:
 - i) Heimasíða SÁM er í vefumsjónarkerfinu Drupal.
 - ii) Gagnasöfn SÁM eru í því vefumsjónarkerfi sem hentar tilgangi þeirra. Ákvarðanir um vefumsjónarkerfi gagnasafna skal ævinlega taka í samráði við verkefnisstjóra í upplýsingatækni.
 - iii) Vefsíður tímarita SÁM eru í OpenJournal-vefumsjónarkerfinu.
 - iv) Rannsókn- og ráðstefnuvefir sem settir eru upp sem sérvefir skulu fylgja hönnunarstaðli SÁM. Sérvefir eru settir upp ef umfang þeirra er þess eðlis að ekki henti að birta efni þeirra aðalsíðu stofnunarinnar. Er þá miðað við tvær undirsíður eða fleiri og efni sem umsjónarfólk verkefnis þurfa að uppfæra reglulega.
 - (1) Rannsókn- og ráðstefnuvefir skulu uppfylla öryggis- og gæðakröfur upplýsingatækni við Háskóla Íslands. Mælt er með að slíkir vefir séu keyptir af upplýsingatækni við Háskóla Íslands og settir upp í WordPress-vefumsjónarkerfinu.
 - (2) Leita skal til verkefnisstjóra SÁM í upplýsingatækni til að óska eftir uppsetningu rannsóknarvefs eða ráðstefnuvefs í WordPress-vefumsjónarkerfinu
 - (3) Rannsókn- og ráðstefnuvefir fá lén SÁM, aðgang að útlitspema SÁM og njóta stuðnings verkefnisstjóra í upplýsingatækni og vefstjóra SÁM.
 - (4) Mælt er með því að loka vefjum fyrir stakar ráðstefnur 18 mánuðum eftir að ráðstefnu lýkur. Fyrir eyðingu vefs skal athuga hvort búið sé að afrita efni hans á vefsafn.is.
- v) Vefi sem ekki er hægt að setja upp í áðurnefndum vefkerfum þarf að vinna í nánú samráði við verkefnisstjóra í upplýsingatækni. Mælt er með PostgreSQL gagngrunni, bakendakerfi í Django og sérsníðnum framenda.

- vi) Önnur utanaðkomandi kerfi sem sett eru upp verða að standast öryggis- og gæðakröfur upplýsingatæknisviðs Háskóla Íslands. Dæmi um slík kerfi eru Eurotermbank og Risamálheildin. Slík kerfi verða að standast hönnunarkröfur eins og unnt er.
- e) Ákvarðanir um uppfærslur kerfa eru teknar í samráði við verkefnisstjóra í upplýsingatækni.
- f) Öll lén og undirlén stofnunarinnar skal vera hægt að skrifa með íslenskum stöfum.